

2302. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 29. nóvember 2023 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Orri V. Hlöðversson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir (á Teams) og Unnar Stefán Sigurðsson.

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

Mættur fjármálastjóri: Bryndís Einarsdóttir sem tók sæti á fundinum undir dagskrárlið 4.

Fundargögn:

- Fundargerð fundar 2301
- Fundargerðir nefnda og starfshópa
- Tillaga til breytinga á viðaukum í enskri útgáfu af leyfisreglugerð KSÍ
- Niðurstaða starfshóps um leyfiskerfi KSÍ
- Tillaga til stjórnar um þróunarstyrk KSÍ
- Minnisblöð vegna nýs mótakerfis KSÍ
- Minnisblað um fjölda landsleikja 2018-2024
- Skýrsla um framkvæmdir á Laugardalsvelli
- Áskorun vegna Grindavíkur
- Erindi frá ÍTF vegna UEFA HatTrick & rafrænar kosningar um mál á ársþingi
- Erindi vegna tilnefningar í samráðsvettvang um hagræðingu úrslita kappleikja
- Erindi frá Knattspyrnu- og þróunarnefnd
- Minnisblað um mót á heimasíðu KSÍ

Stjórn KSÍ sendir knattspyrnudeild Grindavíkur og Grindvíkingum öllum hlýjar kveðjur og ítrekar mikilvægi þess að öll knattspyrnu fjölskyldan standi saman þegar þörf er á.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt
 - a. Fundargerð 2301.
2. Fundargerðir nefnda og fréttir frá ÍTF
 - a. Orri V. Hlöðversson formaður ÍTF flutti fréttir af vettvangi ÍTF, m.a. fundi félaganna með ECA og undirbúningsfundi fyrir ársþing. Einnig ræddi Orri um stefnumótun ÍTF og samningamál ÍTF.
 - b. Fundargerðir nefnda/starfshópa voru lagðar fram til kynningar:
 - ✓ Fjárhagsnefnd 23. og 27. nóvember 2023
 - ✓ Starfshópur um kynjajafnrétti 28. nóvember 2023
3. Lög og reglugerðir
 - a. *Stjórn KSÍ samþykkti tillögu til breytinga á viðaukum við leyfisreglugerð KSÍ, í enskri og íslenskri útgáfu.*
 - b. Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður fylgdi úr hlaði niðurstöðu starfshóps um leyfiskerfi KSÍ, en tillaga um að skipa slíkan starfshóp var samþykkt á síðasta ársþingi. Niðurstaða hópsins verður kynnt á komandi ársþingi og framhald málsins er í höndum þingfulltrúa.

Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ tók sæti á fundinum.

4. Fjármál
 - a. Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ fór yfir 9 mánaða uppgjör og spá um niðurstöðu ársins.

- ✓ Gert er ráð fyrir að sambandið verði rekið með verulegu tapi árið 2023, m.a. vegna árangurstengdra verkefna sem voru ekki í fjárhagsáætlun 2023 (úrslitakeppni U19 karla og kvenna og aukaleikur um laust sæti á HM U20 kvenna í Kólumbíu), þjálfaraskipta A landsliðs karla og aukins kostnaðar við flug og uppihald A landsliða. Stjórnin ræddi ítarlega hvort hægt sé að draga úr rekstrartapinu með mótvægisáðgerðum á lokametrum ársins. Óvissa er um þann kostnað sem fellur á KSÍ til þess að halda Laugardalsvelli leikhæfum til loka nóvember, en lagt hefur verið hart að stjórnvöldum að taka á sig þennan kostnað enda er bágborin vallaraðstaða ekki á ábyrgð KSÍ.
 - ✓ Stjórn frestaði ákvörðun um þróunarstyrk KSÍ 2023 (barna- og unglíngastyrk), m.a. þar sem upplýsingar vantar frá UEFA.
 - ✓ *Stjórn samþykkti greiðslur vegna verðlaunafjár í Mjólkurbikar KSÍ og samþykkti einnig sjónvarpsgreiðslur til félaga í Mjólkurbikarnum 2023.*
- b. Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ kynnti fyrstu drög að fjárhagsáætlun 2024 og farið var yfir þau atriði sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2024.

Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ vék af fundi.

5. Stefnunótun KSÍ

- a. Umræðu um stefnunótun var frestað.

6. Laugardalsvöllur

- a. Rætt um kostnað við leiki Breiðabliks og til hvaða aðgerða KSÍ hefur gripið til að reyna að lágmarka kostnað sambandsins. Fundað verður með UEFA næstkomandi laugardag vegna málsins. Stjórn KSÍ þakkar starfsmönnum Laugardalsvallar fyrir þeirra mikla starf við að halda vellinum leikhæfum til loka nóvember við erfiðar aðstæður.
- b. Lögð var fram frumáætlun um endurbætur á Laugardalsvelli, sem Þorbergur Karlsson úr mannvirkjanefnd KSÍ vann fyrir stjórn KSÍ. Í skýrslunni er m.a. farið yfir kröfur UEFA og FIFA, greind eru möguleg vallaryfirborð (gras, hybrid gras og gervigras), farið yfir nauðsynlegar og löngu tímabærar endurbætur innanhúss, kostnaður er greindur og tímaáætlun lögð fram. Samkvæmt skýrslunni er lítill munur á stofnkostnaði annars vegar við undirhita og gervigrasi og hins vegar við undirhita og hybrid gras, eða rúmlega 400 mkr. Mat á árlegum rekstrarkostnaði bendir þó til þess að kostnaður sé hærri við rekstur á hybrid grasi. Þá er einnig í skýrslunni kostnaðargreining á nýjum flóðljósum (skv. úttekt UEFA eru núverandi flóðljós dugi eingöngu í 1-2 ár til viðbótar) og endurbótum innanhúss. Stjórn KSÍ ítrekar fyrri áskorun til stjórnvalda að tafarlaust verði gengið til viðræðna um löngu tímabærar framkvæmdir um þjóðarleikvang í knattspyrnu. Stjórn KSÍ þakkar Þorbergi Karlssyni kærlega fyrir hans miklu og góðu vinnu.

7. Landsliðsmál

- a. Rætt um leikvöll fyrir mögulegan umspilsleik A landsliðs kvenna í febrúar 2024. *Stjórn KSÍ samþykkti að gefa framkvæmdastjóra KSÍ umboð til að óska eftir heimild UEFA til að leika heimaleik Íslands erlendis.*
- b. Rætt um landsliðsmál A karla. *Stjórn KSÍ samþykkti að gefa formanni KSÍ umboð til að ræða við Åge Hareide um mögulega endurnýjun á samningi hans.*

8. Önnur mál

- a. Lögð fram áskorun frá Keflavík, Njarðvík og Þrótti V. vegna aðstoðar við knattspyrnudeild UMF Grindavíkur. *Stjórn KSÍ samþykkti að falla frá innheimtu allra gjalda knattspyrnudeildar Grindavíkur til KSÍ það sem eftir lifir keppnistímabils 2023 og einnig á árinu 2024 og aðstoða knattspyrnudeild Grindavíkur eins og hægt er varðandi æfingar og keppnir allra flokka félagsins. Einnig þarf að athuga hvort þörf sé á að skoða*

- rýmkun á ákvæðum um félagaskipti fyrir leikmenn yngri flokka sem hafa tímabundna búsetu í öðrum sveitarfélögum.
- b. Lögð fram erindi frá ÍTF vegna UEFA HatTrick og vegna rafrænna kosninga um mál á ársþingi. Stjórn frestaði umræðu um fyrra erindið. Stjórn tók jákvætt í seinna erindið og fól framkvæmdastjóra að taka málið upp við kjörnefnd sambandsins sem fundar í næstu viku.
 - c. Rætt um verkefni sem KSÍ hafði frumkvæði að og miðar að því að styðja við konur í þjálfun á afreksstigi og einnig hvernig megi fjölga þeim.
 - d. *Stjórn KSÍ samþykkti að tilnefna Fannar Helga Rúnarsson leyfisstjóra KSÍ í samráðsvettvang um hagræðingu úrslita kappleikja.*
 - e. Lagt fram erindi frá knattspyrnu- og þróunarnefnd varðandi fjölgun landsleikja. Rætt um fjármögnun, tímalínu og forgangs röðun. Málið er hluti af stefnumótun KSÍ og verður rætt frekar í tengslum við stefnumótun.
 - f. Rætt um mót á heimasíðu KSÍ sem eru ekki á vegum sambandsins og hvort að KSÍ eigi að birta mót sem eru ekki í samræmi við reglugerðir. Framkvæmdastjóra, lögfræðingi og mótastjóra KSÍ var falið að skoða málið á milli funda og leggja fram tillögu á stjórnarfundum.

Næstu stjórnarfundir:

7. desember, stór fundur (stjórn, varamenn og fulltrúar landshluta)

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið kl. 20:01.